

Listasafn Einars Jónssonar
02 906

Ársreikningur 2020

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun forstöðumanns	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Skýringar	6

Listasafn Einars Jónssonar
Kt. 440269-7969
Hallgrímstorg 3, 101 Reykjavík

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Listasafn Einars Jónssonar er ríkisaðili í A-hluta ríkissjóðs.

Listasafn Einars Jónssonar (LEJ) er listasafn frumkvöðuls í íslenskri myndlist og það fyrsta á landsvísu sem opnað var almenningi í eigin húsnæði árið 1923. Safnið er staðsett í alfriðuðu húsi á Skólavörðuholti sem kallast Hnitbjörg. Safneignin samanstendur af rúmlega 350 listaverkum Einars Jónssonar (1874–1954) auk fjölda muna er snerta feril og persónulegar eigur hans og Önnu Marie Mathilde Jørgensen eiginkonu hans. Safnið hýsir vinnustofur myndhöggvarans frá fyrri tíð ásamt fyrstu þakíbúð Reykjavíkur sem áður var hluti af heimili Einars og Önnu og er nú varðveitt sem slík. Í friðsælum höggmyndagarði á bakvið safnhúsið eru 26 bronsafsteypur af verkum Einars. Garðurinn er opin og aðgengilegur öllum og er því hluti af gæðum safnsins. Listaverk Einars má einnig finna á almannafæri víða um land sem og erlendis.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 18 og málaflokk 10 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2020 var ársveltan kr. 68,0 milljónir og afkoma kr. 1,8 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 2,3 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 10,5 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2020 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Listasafns Einars Jónssonar í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Listasafns Einars Jónssonar fyrir árið 2020 með undirritun sinni.

AlmaDís Kristinsdóttir,
forstöðumaður

(undirritað rafrænt)

Yfirlit um afkomu ársins 2020

	Skýr	2020	2019
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	55.300.000	44.300.000
Seld þjónusta		1.856.514	5.215.265
Vörusala	3	383.516	591.837
Framlög og ýmsar tekjur	4	10.286.000	11.985.000
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	2	159.907	160.435
Tekjur samtals		67.985.937	62.252.537
Gjöld			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	5	41.781.529	35.973.796
Annar rekstrarkostnaður	6	24.210.778	25.434.995
Afskriftir	7	159.907	160.435
Gjöld samtals		66.152.214	61.569.226
Afkoma fyrir fjármagnsliði		1.833.723	683.311
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		(811)	(25.451)
		(811)	(25.451)
Afkoma ársins		1.832.912	657.860
Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárheimildaliðum			
Rekstur	2	(3.167.088)	657.860
Rekstrartilfærslur		5.000.000	0
		1.832.912	657.860

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2020

	Skýr	31.12.2020	31.12.2019
Eignir			
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	8		
Áhöld, tæki og búnaður		1.151.631	129.673
Fastafjármunir samtals		<u>1.151.631</u>	<u>129.673</u>
Veltufjármunir			
Birgðir	9	3.553.540	3.300.219
Viðskiptakröfur		32.155	147.200
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður		166.000	95.000
Handbært fé	11	5.560.352	5.531.744
Veltufjármunir samtals		<u>9.312.047</u>	<u>9.074.163</u>
Eignir samtals		<u>10.463.678</u>	<u>9.203.836</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	12		
Hrein eign		2.266.222	386.510
Eigið fé samtals		<u>2.266.222</u>	<u>386.510</u>
Skuldir			
Tengdir aðilar	10	4.777.734	4.959.669
Viðskiptaskuldir		330.487	426.929
Ýmsar skammtímaskuldir	13	2.440.853	3.022.439
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	14	648.382	408.289
Skuldir samtals		<u>8.197.456</u>	<u>8.817.326</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>10.463.678</u>	<u>9.203.836</u>
Aðrar upplýsingar	15		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisýfirlit ársins 2020

	Skýr	2020	2019
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		1.832.912	657.860
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	7	159.907	160.435
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára		(159.907)	(160.435)
		<u>1.832.912</u>	<u>657.860</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur		44.045	321.500
Tengdir aðilar		(917.000)	(2.821.115)
Birgðir		(253.321)	224.460
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		(678.028)	1.172.315
		<u>(1.804.304)</u>	<u>(1.102.840)</u>
		<u>28.608</u>	<u>(444.980)</u>
Handbært fé frá rekstri			
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	8	(1.181.865)	(75.484)
		<u>(1.181.865)</u>	<u>(75.484)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Tengdir aðilar		781.865	75.484
Fjárfestingarframlag		400.000	0
		<u>1.181.865</u>	<u>75.484</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs		28.608	(444.980)
		<u>5.531.744</u>	<u>5.976.724</u>
		<u>5.560.352</u>	<u>5.531.744</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisýfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu.

Við gerð reikningsskila þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur vegna skuldabréfaeignar eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu og vaxtatekjur krafna eru tekjufærðar eins og þær falla til nema vafi leiki á um innheimtu þeirra. Vaxtatekjur af almennum bankainnistæðum færast hjá ríkissjóði.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í ISK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í yfirlit um afkomu sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í lok ársins.

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður 3-10 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Skýringar

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söluþegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að fráðreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bóku stofnunarinnar.

Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

	2020	2019
2 Tekjufærsla fjárveitinga		
Fjárveiting ársins	55.300.000	44.300.000
Tekjufærsla frestaðra tekna	159.907	160.435
	<u>55.459.907</u>	<u>44.460.435</u>

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum	50.400.000	0	0	50.400.000
Fjáraukalög	(100.000)	0	0	(100.000)
Millifærslur milli fjárlagaliða	0	5.000.000	0	5.000.000
Fjárveiting til tekna	50.300.000	5.000.000	0	55.300.000
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum .	(53.467.088)	0	0	(53.467.088)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	(3.167.088)	5.000.000	0	1.832.912

	2020	2019
3 Vörusala		
Vörusala I	105.274	489.299
Vörusala II	278.242	102.538
	<u>383.516</u>	<u>591.837</u>

4 Framlög og ýmsar tekjur

Leigutekjur	286.000	385.000
Framlög frá ríkisaðilum í A-hluta	10.000.000	11.600.000
	<u>10.286.000</u>	<u>11.985.000</u>

5 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun	34.530.982	28.128.539
Orlof, breyting	(537.646)	1.253.912
Launatengd gjöld	7.693.703	6.308.343
Starfsmannakostnaður	94.490	283.002
	<u>41.781.529</u>	<u>35.973.796</u>
Meðalfjöldi stöðugilda	3,6	3,5

Skýringar

	2020	2019
6 Annar rekstrarkostnaður		
Bækur, ritföng, filmur o.fl.	141.491	250.117
Byggingarvörur, almennar	7.515	35.794
Ýmis tæki og áhöld	18.296	193.015
Orkugjafir	1.297.788	1.415.278
Matvæli	161.995	98.753
Almennar rekstrarvörur	313.769	171.510
Vörukaup, almenn	1.940.854	2.164.467
Ýmsar sérgreindar vörur	8.443	17.030
Vörukaup, sérgreind	8.443	17.030
Fundir, námskeið, risna	40.727	149.124
Ferðir, uppihald	4.000	0
Akstur	51.357	134.530
Sérfræðiþjónusta	1.181.510	1.453.339
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	29.707	7.698
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	159.373	1.026.481
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta	32.094	121.072
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	1.498.768	2.892.244
Afnotagjöld	1.093.132	1.031.851
Leigugjöld	17.981.447	18.126.065
Notkun véla og flutningatækja	391.430	17.500
Verkkaup	1.514.775	941.927
Opinber gjöld	35.250	0
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	21.016.034	20.117.343
Vörukaup II	0	19.451
Birgðabreytingar, fullunnar vörur	(253.321)	224.460
Vörur til endursólu og birgðabreyting	(253.321)	243.911
Annar rekstrarkostnaður samtals	24.210.778	25.434.995
7 Afskriftir		
Áhöld, tæki og búnaður	159.907	160.435
	159.907	160.435

Skýringar

	31.12.2020	31.12.2019
8 Varanlegir rekstrarfjármunir		
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:		
Áhöld, tæki og búnaður	1.151.631	129.673
	<u>1.151.631</u>	<u>129.673</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2020:

	Áhöld, tæki og búnaður
Staða 1.1.2020	1.065.759
Viðbætur á árinu	1.181.865
Selt/niðurfært á árinu	(85.572)
	<u>2.162.052</u>
Afskriftir 1.1.2020	936.086
Selt/niðurfært á árinu	(85.572)
Afskrift ársins	159.907
	<u>1.010.421</u>
Staða 31.12.2020	<u>1.151.631</u>

	31.12.2020	31.12.2019
9 Birgðir		
Vörubirgðir I (sbr. teg. 563, vörukaup I)	3.131.540	3.144.219
Vörubirgðir II (sbr. teg. 564, vörukaup II)	422.000	156.000
	<u>3.553.540</u>	<u>3.300.219</u>

10 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Skuldir við tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	4.777.734	4.893.643
Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs	0	66.026
	<u>4.777.734</u>	<u>4.959.669</u>

11 Handbært fé

Sjóðir	10.500	10.000
Tékkareikningar	733.298	684.302
Sparisjóðsreikningar	4.816.554	4.837.442
	<u>5.560.352</u>	<u>5.531.744</u>

12 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

Hrein eign

Jöfnuður 1.1.	386.510	(271.350)
Breytingar á árslokastöðu fyrra árs samkvæmt ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytisins	46.800	0
Afkoma ársins	1.832.912	657.860
Jöfnuður 31.12.	<u>2.266.222</u>	<u>386.510</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

Skýringar

	31.12.2020	31.12.2019
13 Ýmsar skammtímaskuldir		
Ógreitt orlof	2.362.515	2.900.161
Ógreidd laun	0	55.543
Skattar	78.338	66.735
	<u>2.440.853</u>	<u>3.022.439</u>

14 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2020	31.12.2019
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga	1.151.631	129.673
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga (Umframráðstafað til fjárfestinga)	(503.249)	278.616
	<u>648.382</u>	<u>408.289</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga-fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 1.1.2020	129.673	278.616	408.289
Fjárfestingarfjárveiting ársins	0	400.000	400.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	1.181.865	(1.181.865)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna	(159.907)	0	(159.907)
	<u>1.151.631</u>	<u>(503.249)</u>	<u>648.382</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2020 munu kr. 0,2 milljónir koma til tekna á árinu 2021.

15 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert ótímabundinn skuldbindandi samninga um húsnæði, kassakerfi og öryggisgæslu. Árlegar greiðslur vegna húsaleigu nema kr. 18,5 milljónum, vegna kassakerfis og öryggisgæslu 1,3 milljónum, aðrir samningar 0,5 milljónir.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2020.

Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óefnislegar eignir

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óefnislegar eignir stofnunarinnar felast í ýmsum hugbúnaði og lausnum þeim tengdum.

Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.